

Sp.

646. Fyrirspurn

[355. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um iðgjöld bifreiðatrygginga.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða tryggingamálaráðherra til samráðs tryggingafélaganna um iðgjöld af bifreiðatryggingum og telur ráðherra að það samræmist eðli og tilgangi frjálsrar verðmyndunar að tryggingafélög hafi slíkt samráð sín á milli um iðgjaldaákvæðanir?
2. Telur tryggingamálaráðherra að rétt sé að fella iðgjaldaákvæðanir tryggingafélaga undir ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eða með öðrum hætti að setja iðgjaldaákvæðanir þeirra undir strangara verðlagseftirlit?
3. Hver er afstaða tryggingamálaráðherra til beiðni tryggingafélaganna um 22% meðaltalshækkun iðgjalda í ljósi nýgerðra kjarasamninga?
4. Hefur iðgjaldahækkunin verið tekin fyrir í ríkisstjórninni? Ef svo er, hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til hækkunarinnar?
5. Telur ráðherra að kanna þurfi réttmæti útreikninga tryggingafélaganna sem lagðir eru fyrir Tryggingaeftirlitið í ljósi ásakana í Helgarpóstinum 13. mars s.l. um að rangir útreikningar séu lagðir til grundvallar við iðgjaldaákvörðun bifreiðatrygginga?